

Stúdentar virkir í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni

Íslenskir fjölmiðlar sýndu baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni í suðurhluta Afríku mismikinn áhuga á sínum tíma, allt eftir því hvaða stjórnmálastraumum þeir fylgdu.

Eftir Önnu Sigríði Einarsdóttur
anna@mbli.is

Ökkar markmið er að ná heildstæðri skrá yfir þátt Norðurlandanna í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni í suðurhluta Afríku. Til þessa hefur hins vegar vantað allar upplýsingar um Ísland," segir Proscovia Svárd, verkefnisstjóri hjá Nordiska Afrikainstitutet í Svíþjóð.

Svárd, sem hefur dvalið hér á landi undanfarna daga, segir fyrstu heimsókn sína í október í fyrra ekki hafa bent til þess að um auðgan garð yrði að gresja. Stutt dvöl í Þjóðarbókhöðunni leiddi ekki til stórra funda. „En svo kom í ljós að maður varð að þekja betur til íslenskra fjölmiðla og hvaða stjórnmálastraumum þeir fylgdu til að vita hvar átti að leita," segir Svárd og kveður vinstriáttuð blöð hafa sýnt baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni meiri áhuga en þau hægrisinuðu.

Mikil virkni

Með aðstoð fólks á borð við Jónínu Einarsdóttur, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, og Margrétu Einarsdóttur, verkefnisstjóra hjá Þróunarsamvinnustofnun, hafi henni gengið mun betur að safna upplýsingum en leit út í fyrstu. „Við viljum vita hvað var að gerast í þessum málum á Íslandi, hvort einhver mótmæli hafi átt sér stað og hvort einhver gögn um baráttu Íslendinga gegn aðskilnaðarstefnunni sé enn að finna.“

Hún segir marga hafa reynt hjálplegir og viðtölin sem hún hafi átt við fólk frá því í október í fyrra bendi til þess að slík gögn eigi að leynast á landinu, þau hafi hins vegar e.t.v. ekki ratað inn í atrúisorðaskrár skjalasafna og það geri leitina óneitanlega erfiðari.

Nordiska Afrikainstitutet gegnir, auk rannsóknanna sem á vegum þess eru unnar, hlutverk skjala- og skráningarmistöðvar. Stofnunin vill því hafa sem ítarlegastar upplýsingar um hvar rannskendur og aðrir áhugasamir geti leitað gagna á Norðurlöndum.



Proscovia Svárd Vill vita hversu virkir Íslendingar voru í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni í suðurhluta Afríku á sínum tíma.

Meðal þeirra sem Svárd hefur rætt við hér á landi eru einstaklingar sem voru virkir í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni. „Það var í raun mikið að gerast hér, til að mynda meðal stúdenta, og ég tel gott fyrir þá sem ungrir eru í dag að sjá hvernig unga fólkid þá tók þátt í baráttunni þrátt fyrir íhaldssami stjórnvalda.“

Þeir sem búa yfir upplýsingum um baráttu Íslendinga gegn aðskilnaðarstefnunni geta haft samband við Svárd á netfanginu proscovia.svart@nai.uu.se eða leitað sér frekari upplýsinga á vefnum www.nai.uu.se.



Aðskilnaður Stoppistöð fyrir blökkumenn, Asíubúa og aðra litada.



Mótmæli Viðskiptum Citibank í Bandaríkjunum við stjórnvöld í Suður-Afríku mótmælt.

úr bæjarlífinu

AKUREYRI



Skapti Halgrímsson

Það er alltaf jafngaman á óskudaginn á Akureyri. Þrátt fyrir heldur leiðinlegt veður í gær; vind, kulda og smávegis snjökumu, flykttust krakkarnir út í bítið.

Oddur Helgi Halldórsson og hans menn í Blökkrás hafa árum saman tekið vel á móti óskudagsliðum. Þar sinnir enginn hefðbundinni vinnu fyrir hádegi; starfsmennirnir eru allir í óskudagsbúningum, hlýða á þá sem koma og gefa einkunn.

Þetta er tuttugasta árið sem Oddur og félagar í Blökkrás standa fyrir söngkeppni. Frammistaða hvers liðs er samvisskusamlega skráð og bestu þrjú liðin fá pitsuveislu í verðlaun en fyrir sönginn fékk hvert lið harðfisk að launum. Skítt með pitsuna en ég grét það í fyrsta skipti í gær að kunna ekki að syngja.

Okkur norðanmönnum gengur bærillega í handboltanum. Meistaraflokkur Akureyrar byrjaði vel í

haust en síðan hallaði aðeins undan fæti, en við eigum tvö lið í bikarúrslitum á sunnudaginn í Laugardalshöll. Þór mætir ÍR í 3. flokki og Akureyri glímur við HK í 2. flokki.

Óskar Þór Halldórsson blaðamaður hefur verið ráðinn verkefnastjóri Landsmóts UMFÍ á Akureyri næsta sumar. Hann á að stýra undirbúningi og framkvæmd Landsmótsins ásamt Ómari Braga Stefánssyni, framkvæmdastjóra mótsins, og landsmótsnefnd, sem í eru fulltrúar UFA, UMSE, UMFÍ og Akureyrarbæjar.

Góð aðsókn hefur verið á sýningu óþekktara ljósmyndna á Minjasafninu á Akureyri, sem opnuð var nýlega. Ástæða er til þess að hvetja sem flesta til að kíkja á sýninguna og leggja safninu lið um leið, því allar upplýsingar – t.d. um nöfn þeirra sem á myndunum eru – eru vel þegnar.

Hátt í 200 gestir, bæjarbúar og áhugasamir ferðalangar á leið um vetrarrikið Akureyri, hafa lagt hönd á plöginu og komið er nafn á mjög margar myndir á sýningunni í Minjasafninu. „En betur má ef duga skal því enn vantar þó nokkuð mörg



Morgunblaðið/Skapti Halgrímsson

Skýr skilaboð Þessi starfsmaður Blökkrásar tók upp starfsaðferðir mótmælenda en var þó meðmæltur því gestirnir þendu raddböndin.

nöfn á ferðalanga á höpmyndum þó vissulega sé búið að bera kennsl á nokkra þeirra," segir í tilkynningu frá safninu.

Vetrarfrí er hafið í grunnskólum hér á Akureyri og í Reykjavík og börnin njóta því vonandi lífsins ásamt foreldrum sínum af því tilefni næstu

daga. Gert er ráð fyrir því að fjöldi fólks leggi leið sína hingað norður í fríinu, skelli sér á skíði og andi að sér hinu ómengaða, norðenska lofti, prófi jafnvel að keyra hægt ...

Vonandi haga allir sér vel næstu daga. Heimamenn vita þó að ef þeir gera eitthvað af sér þurfa þeir lík-

lega ekki að hafa miklar áhyggjur. Mikið verður af aðkomuönnum í höfuðborg hins hvíta og hreina norðurs og þeim er alltaf kennt um allt.

Heimamenn og gestir fá tækifæri til þess að upplifa sögulega stund á laugardagskvöldið. Þá kemur Gunnar Þórðarson fram einn síns liðs í fyrsta skipti á 45 ára ferli. Samkoman verður í menningarhúsinu Græna hattinum. Nema hvar.

Dagskráin með Gunnari nefnist Söngbókin og sögurnar. Hann syngur altsó eigin lög og segir sögurnar á bak við þau.

Rúmlega 150 manns sóttu kynningu á tillögum að nýju deliskipulagi fyrir miðbæinn á Amtsbókasafninu um síðustu helgi. Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að kíkja á tillögurnar.

Að síðustu er rétt, vegna þess hve margir utanbæjarmenn verða hér í höfuðstað Norðurlands um helgina, að hvetja heimamenn til þess að radða vel framburðinn þannig að þeir skeri sig úr; fá sér kólk í bauk, prumpa í stampinn og drekka mjóllk.